

Verkefni	Viðtakandi	Stutt lýsing	Lagagrundvöllur	Athugasemd
Vottun námskráa	félags- og vinnumarkaðsráðherra	Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni skv. 15. gr., vottar einstakar námskrár og námslýsingar	Lög um framhaldsfræðslu	Ábyrgð þegar hjá FRN frá 1. febrúar 2022
Viðurkenning fræðsluaðila	félags- og vinnumarkaðsráðherra	Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu.	Lög um framhaldsfræðslu	Ábyrgð þegar hjá FRN frá yfirfærslu framhaldsfræðslunnar
Upplýsingagjöf vegna viðurkenningar á faglegri menntun	háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra	Upplýsingamiðstöð veitir þegnum er til hennar leita upplýsingar og leiðbeiningar er varða viðurkenningu á faglegri menntun. Hún hefur einnig með höndum upplýsingagjöf til hliðstæðra miðstöðva í öðrum EES-riki eða Sviss þegar eftir slíku er leitað.	Reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfni til starfa hér á landi.	Ábyrgð þegar hjá HVIN frá janúar 2023
Fagrád viðurkenning á faglegri menntun	háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra	Sérstakt fagrád skipað fulltrúum fagráðuneyta og samtaka á vinnumarkaði sem er stjórnvöldum til ráðgjafar í málefnum er varða viðurkenningu faglegrar menntunar og heldur til haga upplýsingum um lögvernduð stöf hér á landi. Fagráðið er vettvangur umræðu, fylgist með og miðlar reynslu af beitingu tilskipunar 2005/36/EB hér á landi.	Reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfni til starfa hér á landi.	Ábyrgð þegar hjá HVIN frá janúar 2023. Gert ráð fyrir þáttöku Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og mennta- og barnamálaráðuneytis í fagráði en utanumhald ekki lengur hjá MMS